

Ræða Benjamins Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 23. september 2011

Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir

Þakka þér fyrir, hr. forseti.

Herrar mínir og frúr, Ísrael hefur rétt út sáttarhönd um frið frá þeirri stund sem það var stofnað fyrir 63 árum. Fyrir hönd Ísraels og Gyðinga, rétti ég þá sáttarhönd enn út í dag. Ég rétti hana út til fólks Egyptalands og Jórdaníu, með endurnýjaðri vináttu gagnvart nágrönnum sem við höfum friðmælst við. Ég rétti hana út til fólks Tyrklands, með virðingu og góðvild. Ég rétti hana út til fólks Líbýu og Túnis, með aðáun fyrir þeim sem reyna að byggja lýðræðislega framtíð. Ég rétti hana út til fólks í N-Afríku og á Arabíuskaganum sem við viljum móta nýja byrjun með. Ég rétti hana út til fólks Sýrlands, Líbanons og Írans, með virðingu fyrir hugrekki þeirra sem glíma við hrottalega kúgun.

Sérstaklega rétti ég þó út hönd til Palestínumanna sem við viljum eignast réttlátan og varanlegan frið við.

Herrar mínir og frúr, í Ísrael dvínar aldrei von okkar um frið. Vísindamenn okkar, læknar og frumkvöðlar leggja fram snilli sína til að bæta komandi heim. Listamenn okkar, rithöfundar okkar, auðga arfleifð mannkynsins. Ég veit að þetta er ekki alveg sú ímynd sem hefur verið dregin upp af Ísrael í þessum sal. Það var, jú, hér árið 1975 sem hin ævafora löngun fólks míns um að endurreisa þjóðlíf okkar í okkar forna biblíulega heimalandi, var á skammarlegan hátt brennimerkt sem kynþáttafordómar. Það var hér, árið 1980, einmitt hér, sem hinu sögulega friðarsamkomulagi á milli Ísraels og Egyptalands var ekki fagnað; heldur var það fordæmt. Og það er hér, ár eftir ár, sem Ísrael er á ósanngjarnan hátt dregið út úr hópnum og fordæmt. Það er dregið út úr hópnum og fordæmt oft en allar þjóðir heims til samans. 21 af 27 ályktunum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna fordæmir Ísrael, hið eina sanna lýðræðisland Mið austurlanda.

Þetta er óheppilegur þáttur Sameinuðu þjóðanna.

Þetta er hreinlega fáránleg leiksýning. Þetta setur Ísrael ekki aðeins í hlutverk óþokkans, heldur hefur oft raunverulega þorpara í aðalhlutverkum: Gadhafi frá Líbýu var formaður mannréttindanefndar Sp; Saddam frá Írak fór fyrir afvopnunarnefnd Sp. Þið kunnið að segja að það sé liðin tíð. En hér er það sem er að gerast núna. Líbanon, sem stjórnað er af Hezbollah, fer nú fyrir öryggisráði Sp. Það þýðir í raun að hryðjuverkasamtök séu yfir þeim hópi sem treyst er fyrir því að tryggja öryggi heimsins.

Það væri ekki hægt að spinna svona lagað upp.

Hér, hjá Sp, getur sjálfvirkur meirihluti ákveðið hvað sem er. Þeir geta ákveðið að sólin rísi í vestri. En þeir geta líka ákveðið, og hafa ákveðið, að Vesturmúrinn í Jerúsalem, helgasti staður gyðingdómsins, sé hertekið palestínskt svæði.

Samt brýst þó sannleikurinn stundum í gegn hjá allsherjarþingi Sp. Árið 1984, þegar ég var skipaður sendiherra Ísraels hjá Sp, heimsótti ég Lubavich, hinn virta rabbína. Hann sagði mér ... og ég vil ekki að nokkurt ykkar móðgist, því ég veit að hér er margt heiðvirt fólk sem þjónar sínu landi, en hér er það sem rabbíninn sagði við mig. „Þú munt þjóna í húsi margra

lyga.“ Og svo sagði hann: „Mundu að jafnvel á hinum myrkasta stað, getur eitt kertaljós sést langar leiðir.“

Í dag vona ég að ljós sannleikans muni skína, þó ekki sé nema í nokkrar mínútur, í sal sem hefur of lengi verið myrkur staður fyrir land mitt. Sem forsætisráðherra Ísraels kom ég ekki hingað til að hljóta lófaklapp, heldur til að tala sannleikann. Sannleikurinn er... Sannleikurinn er sá að Ísrael vill frið. Sannleikurinn er sá að ég vil frið. Sannleikurinn er sá að alltaf í Miðausturlöndum, og sérstaklega á þessum ólgutímum, verður friður að eiga kjölfestu í öryggi. Sannleikurinn er sá að við getum ekki náð friði með ályktunum Sp, heldur aðeins með beinum viðræðum á milli þeirra sem í hlut eiga. Sannleikurinn er sá að hingað til hafa Palestínumenn neitað samningaviðræðum. Sannleikurinn er sá að Ísrael vill frið með palestínsku ríki en Palestínumenn vilja ríki án friðar. Sannleikurinn er sá að þið ættuð ekki að láta það gerast.

Herrar mínir og frúr, þegar ég kom fyrst hingað fyrir 27 árum, skiptist heimurinn á milli Austur-og Vesturlanda. Síðan kaldastríðinu lauk, hefur mikil siðmenning risið upp úr margra alda móki, hundruðum milljóna hefur verið lyft upp úr örbirgð og óteljandi margir fylgja í kjölfarið og hið ótrúlega við þetta er að þessi sögulega breyting hefur að mestu leyti gerst á friðsamlegan hátt. Samt fer nú meinsemd vaxandi á milli Austur-og Vesturlanda, sem ógnar friði allra. Hún leitast ekki við að frelsa, heldur hneppa í þrældóm, ekki að byggja upp, heldur eyðileggja.

Þessi meinsemd eru herskáir íslamistar. Meinsemdin hjúpar sig yfirskini mikillar trúar en myrðir þó jafnt Gyðinga, kristna og múslima með ósáttfúsri óhlutdrægni. Þann 11. september drap hún þúsundir Ameríkana og lagði tvíburaturnana sem duft til jarðar. Í gærkvöldi lagði ég krans við minnisvarða 9/11. Ég var djúpt snortinn. En þegar ég fór þangað ómaði þó eitt í huga mínum, svívirðileg orð forseta Írans, hér í þessum ræðustól í gær. Hann gaf í skyn að 9/11 væri amerískt samsæri. Sum ykkar yfirgáfuð salinn við þau orð. Allir hefðu átt að fara.

Síðan 9/11 hafa herskáir íslamistar slátrað óteljandi saklausum borgurum í London og Madrid, í Baghdad og Mumbai, í Tel Aviv og Jerúsalem, í öllum hlutum Ísraels. Ég trúí því að mesta ógnin í okkar heimi sé sú að þessi öfgastefna taki upp kjarnavopn. Það er nákvæmlega það sem Íran er að reyna að gera.

Getið þið ímyndað ykkur manninn sem var með gífuryrðin hér í gær með kjarnorkuvopn til taks? Alþjóðasamfélagið verður að stöðva Íran áður en það er um seinan. Ef Íran er ekki stöðvað munum við öll horfast í augu við ógn kjarnorkuhryðjuverka og arabavorið gæti fljótlega orðið að írönskum vetri.

Það væri harmleikur. Milljónir Araba hafa haldið út á götur til að skipta út harðstjórn fyrir frelsi og enginn myndi hafa meiri hag af því en Ísrael ef þeir sem standa með frelsi og friði fengju að ráða ríkjum.

Það er einlæg von mín en sem forsætisráðherra Ísraels get ég ekki hætt framtíð gyðinglegs ríkis vegna einhvers sem ég vona. Leiðtogar verða að sjá raunveruleikann eins og hann er, ekki eins og hann ætti að vera. Við verðum að gera okkar besta til að móta framtíðina en við getum ekki óskað burtu hættu núlíðandi stundar.

Heimurinn í kringum Ísrael er afdráttarlaust að verða hættulegri. Herskáir íslamistar hafa tekið yfir Líbanon og Gaza. Þeir eru ákveðnir í að rífa í tætlur friðarsamninga á milli Ísraels og Egyptalands, og Ísraels og Jórdaníu.

Þetta hefur eitruð huga margra Araba gegn Gyðingum og Ísrael, gegn Ameríku og Vesturlöndum. Það stendur ekki aðeins gegn stefnu Ísraels, heldur tilvist Ísraels.

Sumir færa rök fyrir því að útbreiðsla hins herskúa íslams, sérstaklega á þessum ólgtútímum, sé hægt að hægja með því að Ísrael flýti sér að veita tilslakanir og málamiðlanir um landsvæði. Þessi kenning hljómar einföld. Hún er í raun svona: *Yfirgefið landsvæðið og það leiðir til friðar. Hinir hófsömu styrkjast og öfgamönnunum verður haldið í skefjum. Og ekki hafa áhyggjur af útlistingum á því hvernig Ísrael verji sig, alþjóðalið sér um verkið.*

Þetta fólk er stöðugt að segja við mig: „Gerðu bara flott tilboð og allt gengur upp.“ Það er bara eitt vandamál við þá kenningu. Við höfum reynt það og það virkaði ekki. Árið 2000 gerði Ísrael tilboð um að mæta nánast öllum kröfum Palestínu. Arafat hafnaði því. Síðan gerðu Palestínumenn hryðjuverkaárás sem kostaði þúsund Ísraelsmenn lífið.

Árið 2008 gerði Olmert, forsætisráðherra, jafnvel enn yfirgripsmeira tilboð. Abbas, forseti, svaraði því ekki einu sinni. En Ísrael gerði meira en að gera yfirgripsmikil tilboð. Við yfirgáfum svæði. Við drógum okkur frá Líbanon árið 2000 og af öllu Gazasvæðinu árið 2005. Það róaði ekki íslamska storminn, hinn herskúa íslamska storm sem ógnar okkur. Það færði hann aðeins nær og gerði hann sterkari.

Hezbollah og Hamas skutu þúsundum flugskeyta á borgir okkar frá þeim svæðum sem við höfðum yfirgefið. Sjáið til, þegar Ísrael fór frá Líbanon og Gaza sigruðust hinir hófsömu ekki á öfgamönnunum, heldur gleypu öfgamennirnir hina hófsömu í sig. Ég harma að þurfa að segja að alþjóðleg herlið eins og UNIFIL í Líbanon og UBAM í Gaza komu ekki í veg fyrir að hinir róttæku gerðu árásir á Ísrael.

Við förum frá Gaza í von um frið.

Við frystum ekki landnámsbyggðir í Gaza, við upprættum þær. Við gerðum nákvæmlega það sem kenningin leggur til: *Komið ykkur út, hverfið aftur til 1967 landamærunna, leysið upp landnemabyggðirnar.*

Ég held að fólk muni ekki hversu langt við gengum til að ná þessu fram. Við upprættum þúsundir einstaklinga frá heimilum sínum. Við drógum börnin út úr skólum sínum og leikskólum. Við rústuðum samkunduhúsum okkar með jarðýtum. Við jafnvel fluttum ástvini úr gröfum sínum. Og eftir að hafa gert allt þetta, afhentum við Abbas, forseta, lyklana að Gaza.

Kenningin segir að það ætti allt að ganga upp og að nú geti Abbas, forseti, og palestínsk yfirvöld byggt friðsamlegt ríki í Gaza. Þið munið sjálfsagt hvernig allur heimurinn fagnaði. Því var fagnað þegar við drógum okkur til baka og litið á þetta sem góða stjórnvísu. Þetta var djarft skref til friðar.

En herrar mínir og frúr, við öðluðumst ekki frið. Við fengum yfir okkur stríð. Við fengum Íran, sem í gegnum staðgengil sinn, Hamas, sparkaði út palestínsku yfirvöldunum sem urðu að engu á einum degi.

Abbas, forseti, sagði hér í þessu ræðupólti að Palestínumenn væru aðeins vopnaðir vonum sínum og draumum. Já, vonum, draumum og tíu þúsund flugskeytum og Grad-eldflaugum sem Íran sér þeim fyrir, þó ekki sé minnst á öll drápsvopnin sem flæða nú inn á Gaza frá Sínaí, frá Líbýu og öðrum stöðum.

Þúsundum flugskeyta hefur þegar rignt yfir borgir okkar. Þið skiljið því kannski hvers vegna Ísraelsmenn spyrja réttilega: „Hvað kemur í veg fyrir að þetta gerist aftur á Vesturbakkanum?“ Flestar af helstu borgum okkar í suðurhluta landsins eru aðeins í nokkurra tuga km fjarlægð frá Gaza. En í miðju landsins, gegnt Vesturbakkanum, eru borgir okkar nokkur hundruð metrum eða örfáum kílómetrum frá mörkum Vesturbakkans.

Ég spyr ykkur því: Myndi nokkurt ykkar færa hættu svo nærri borgum ykkar, fjölskyldum ykkar? Mynduð þið vera svo hirðulaus um líf borgara ykkar? Ísrael er reiðubúið að hafa palestínsk ríki á Vesturbakkanum, en við erum ekki tilbúin í annað Gazasvæði þar. Þess vegna þurfum við raunverulegt fyrirkomulag um öryggi, sem Palestínumenn neita einfaldlega að semja um.

Ísraelsmenn muna beiskar lexíur Gaza. Margir gagnrýnendur Ísraels horfa framhjá þeim. Þeir ráðleggja Ísrael á óábyrgan hátt að fara aftur sömu háskalegu leið. Þið hafið lesið það sem þetta fólk segir og það er eins og ekkert hafi gerst, það endurtekur bara sömu ráðleggingar, sömu formúlurnar eins og ekkert af þessu hafi gerst.

Þessir gagnrýnendur halda áfram að þrýsta á Ísrael um að gera viðtækar tilslakanir án þess að tryggja fyrst öryggi Ísraels. Þeir lofa þá, sem óafvitandi næra hinn óseðjandi krókódíl herskárna íslamista, sem hugdjarfa stjórnámálamenn. Þeir setja þau okkar fram sem óvini, sem vilja fyrst reisa sterkbyggða hindrun til að halda krókódílnum frá okkur, eða að minnsta kosti setja járnstöng í ginið á honum.

Þannig að þrátt fyrir stimplana og ærumeiðingarnar verður Ísrael að hlýða betri ráðum. Slæm umfjöllun er betri en góð líkræða og enn betra væri að fá umfjöllun drengilegra fjölmiðla sem muna lengra aftur en að morgunverði og viðurkenna réttmætar öryggisáhyggjur Ísraels.

Ég trúi því að í alvarlegum friðarsamningum sé hægt að taka á þessum þörfum á réttan hátt en það gerist ekki án samningaviðræðna. Þarfnar eru margar vegna þess að Ísrael er svo lítið land. Án Júdeu, Samaría og Vesturbakkans er Ísrael aðeins rúmlega 14 km á breiddina.

Mig langar til að setja þetta í samhengi fyrir ykkur vegna þess að þið eruð öll hér í borginni núna. Það er um tveir þriðju lengdar Manhattans. Það er fjarlægðin á milli Battery Park og Columbia háskólans. Og ekki gleyma því að fólkið sem býr í Brooklyn og New Jersey er töluvert indælla en sumir nágrennar Ísraels.

Hvernig ver maður svona agnarlítið land sem er umkringgt fólki sem hefur svarið þess eidd að tortíma því og er hervætt með hjálp frá Íran? Vitanlega er ekki hægt að verja það eingöngu innan þessa litla svæðis. Ísrael þarfnast meiri varnar og þess vegna fór 242. ályktun öryggisráðsins ekki fram á það að Ísrael yfirgæfi öll svæði sem það tók yfir í sex daga stríðinu. Ályktunin talaði um að horfið yrði frá svæðum til að tryggja og verja landamörk. Til þess að verja sig þurfti Ísrael því að halda úti hernaðarlegri nærveru á mikilvægum svæðum Vesturbakkans.

Ég útskýrði þetta fyrir Abbas, forseta. Hann svaraði því að ef palestínsk ríki ætti að verða fullvalda land, gæti það ekki tekið slíku fyrirkomulagi. Hvers vegna ekki? Ameríka hefur haft herlið í Japan, Þýskalandi og S-Kóreu í meira en hálföld. Bretland hefur haft herflugstöð í Kýpur. Frakkland hefur haft herfl hjá þremur Afríkubjóðum. Ekkert þessara landa segist ekki hafa fullveldi.

Það eru mörg önnur mikilvæg öryggisatriði sem verður líka að taka á, eins og t.d. lofthelgi. Smæð Ísraels skapar mikil öryggisvandamál. Þota getur flogið yfir Ameríku á sex klukkustundum. Það tekur þrjár mínútur að fljúga yfir Ísrael. Á þá að taka helminginn af þessari litlu lofthelgi Ísraels og afhenda palestínsku ríki sem á ekki frið við Ísrael?

Alþjóðlegi flugvöllurinn okkar er nokkrum km frá Vesturbakkanum. Ef ekki er friður, verða flugvélar okkar þá skotmörk flugskeyta? Hvernig stöðvum við smygl til Vesturbakkans? Þetta er ekki bara spurning um Vesturbakkann, heldur líka fjöllin þar í kring. Þau gnæfa yfir sléttunum þar sem flestir Ísraelar búa. Hvernig gætum við hindrað að flugskeytum væri smyglað þangað til að skjóta á okkur?

Ég dreg þessi vandamál fram vegna þess að þau eru raunveruleg. Fyrir Ísraelsmenn er þetta spurning um líf eða dauða. Allar þessar mögulegu glufur í öryggi Ísraels þurfa að vera innsiglaðar í friðarsamkomulagi áður en lýst verður yfir palestínsku ríki, ekki á eftir, því það verður ekki gengið frá þeim málum eftir. Þessi vandamál munu springa í andlitið á okkur og sprengja upp friðinn.

Palestínnumenn ættu fyrst að semja um frið við Ísrael og síðan fá sitt ríki. En ég vil líka segja ykkur þetta. Eftir að skrifað er undir slíka friðarsamninga verður Ísrael ekki síðasta landið til að bjóða palestínsku ríki velkomu sem nýjan meðlim Sameinuðu þjóðanna. Við verðum fyrsta landið til þess að gera það.

Svo er eitt annað. Hamas-samtökin hafa brotið alþjóðleg lög með því að halda hermánum okkar, Gilad Shalit, fönnum í fimm ár.

Þeir hafa ekki leyft svo mikið sem eina heimsókn frá Rauða krossinum. Honum er haldið í dýflissu, í svartholi, gegn öllum alþjóðlegum viðmiðum. Gilad Shalit er sonur Avivu og Noams Shalit. Hann er barnabarn Zvi Shalit, sem komst undan Helförinni með því að koma sem ungur drengur til Ísraels á fjórða áratug. Gilad Shalit er sonur hveggja ísraelskrar fjölskyldu. Hver þjóð sem á fulltrúa hér ætti að krefjast tafarlausrar lausnar hans. Ef þið viljið leggja fram ályktun um Miðasturlönd í dag er þetta sú ályktun sem þið ættuð að leggja fram.

Herrar mínir og frúr, á síðasta ári í Bar-Ilan háskólanum og á þessu ári í Knesset og hjá bandaríska þinginu, lagði ég fram sýn mína um frið þar sem hlutlaust palestínsku ríki viðurkennir gyðinglega ríkið. Já, gyðinglega ríkið. Þetta er, þegar öllu er á botninn hvolft, heildin sem viðurkenndi gyðinglegt ríki fyrir 64 árum. Finnst ykkur ekki kominn tími til að Palestínnumenn geri hið sama?

Gyðinglegt ríki Ísraels mun ætíð vernda réttindi minnihlutahópanna, þar á meðal meira en milljón Araba sem búa í Ísrael. Ég vildi að ég gæti sagt hið sama um framtíðarríki Palestínu því eins og palestínsku yfirvöld sögðu skýrt um daginn, ég held að það hafi meira að segja verið sagt hér í New York, að palestínsku ríki muni ekki leyfa neinum Gyðingum að vera þar. Það verður gyðingafrítt ríki. Það er þjóðernishreinsun. Það eru lög í Ramallah í dag sem kveða

á um dauðarefsingu fyrir það að selja Gyðingum land. Það eru kynþáttafordómar. Þið vitið hvers konar lög þetta vekur upp.

Ísrael hefur engan ásetning um að breyta lýðræðisgerð ríkis síns. Við viljum bara ekki að Palestínumenn reyni að breyta gyðinglegu eðli ríkis okkar. Við viljum að þeir hætti að láta sig dreyma um yfirtöku á Ísrael.

Abbas, forseti, stóð hér nýverið og sagði að kjarni deilu Ísraels og Palestínu snérist um landnemabyggðirnar. Það er undarlegt. Deilur okkar höfðu verið í gangi í nærri hálföld áður en nokkur landnemabyggð varð til á Vesturbakkanum. Ef það sem Abbas, forseti, segir er satt, þá... Ég get mér til um að landnemabyggðirnar sem hann talar um séu Tel Aviv, Haifa, Jaffa og Be'er Sheva. Kannski er það sem hann átti við um daginn þegar hann sagði að Ísrael hefði verið með hersetu á palestínsku landi í 63 ár. Hann sagði ekki frá 1967, heldur frá 1948. Ég vona að einhver hafi fyrir því að spyrja hann að þessu því það dregur upp einfaldan sannleika: Kjarni deilunnar eru ekki landnemabyggðirnar heldur eru landnemabyggðirnar afleiðing deilunnar.

Landnemabyggðirnar verður að ræða og leysa í samningaferlinu. En kjarni deilunnar hefur alltaf verið sá að Palestínumenn neita að viðurkenna gyðinglegt ríki.

Ég held að það sé kominn tími fyrir palestínska leiðtoga að viðurkenna það sem allir alvarlegir alþjóðleiðtogar hafa viðurkennt, frá Balfour og Lloyd George árið 1917, til Trumans, forseta, árið 1948, til Obama, forseta, hér fyrir tveimur dögum síðan: Ísrael er gyðinglega ríkið.

Abbas, forseti, hættu að fara í kringum þetta mál. Viðurkenndu gyðinglega ríkið og gakkðu til friðar við okkur. Í slíkum friði eru Ísraelsmenn tilbúnir til að gera sársaukafullar málamiðlanir. Við trúum því að Palestínumenn ættu hvorki að vera ríkisborgarar Ísraels né þegar þess. Þeir ættu að búa í sínu eigin frjálssa ríki. En þeir ættu að vera tilbúnir til málamiðlana eins og við. Og við munum vita að þeir eru tilbúnir til málamiðlunar og friðs þegar þeir byrja að taka öryggiskröfur okkar alvarlega og þegar þeir hætta að afneita sögulegum tengslum okkar við forna heimalandið okkar.

Ég heyri þá oft saka Ísrael um að gera Jerúsalem gyðinglega. Það er eins og að saka Ameríku um að gera Washington of ameríska borg eða Breta um að gera London of enska borg. Vitið þið hvers vegna við erum kallaðir Gyðingar (Júdar)? Vegna þess að við komum frá Júdeu.

Á skrifstofunni minni í Jerúsalem er fornt innsigli. Það er innsiglishringur gyðinglegs embættismanns frá tímum Biblíunnar. Innsiglið fannst hjá Vesturmúrnum og er 2700 ára gamalt, frá tímum Hiskía konungs. Nafn embættismannsins er rist á hebresku í hringinn. Hann hét Netanyahu. Það er ættarnafn mitt. Fornafnið mitt, Benjamin, er þúsund árum eldra, og kemur frá nafni sonar Jakobs, sem einnig var kallaður Ísrael. Jakob og 12 synir hans gengu um þessar sömu hæðir Júdeu og Samaría fyrir 4000 árum síðan og það hefur alltaf einhver af gyðingaættum verið í landinu síðan.

Þá Gyðinga sem voru reknir úr landinu okkar dreymdi alltaf um að koma aftur. Gyðingar á Spáni, þegar þeir voru reknir þaðan, Gyðingar í Úkraínu sem flýðu útrýminguna þar, Gyðingar sem börðust í Varsjárgettóinu þegar nasistar umkringdu það. Þeir hættu aldrei að biðja og hættu aldrei að þrá. Þeir hvísluðu: „Á næsta ári í Jerúsalem. Á næsta ári í fyrirheitna landinu.“

Sem forsætisráðherra Ísraels tala ég fyrir hundrað kynslóðir Gyðinga sem var dreift um öll lönd, sem þjáðust á óteljandi vegu en gáfust aldrei upp vonina um að endurheimta þjóðríki sitt í hinu eina og sanna gyðinglega ríki.

Herrar mínir og frúr, ég held áfram að vona að Abbas, forseti, verði félagi minn í friði. Ég hef lagt hart að mér til að stuðla að þeim friði. Daginn sem ég tók við embætti mínu kallaði ég eftir beinum viðræðum án skilyrða. Abbas, forseti, brást ekki við því. Ég útlitaði sýn um frið tveggja ríkja fyrir tvær þjóðir. Enn svaraði hann ekki. Ég lét fjarlægja hundruð vegatálma og varðstöðva til að liðka um á palestínsku svæðunum, sem gaf palestínska hagkerfinu gífurlegan vöxt. Enn brást hann ekki við. Ég tók það fordæmislausu skref að frysta nýjar byggingar í landnemabyggðum í tíu mánuði. Enginn forsætisráðherra hafði gert það áður. Þið klappið ... en það voru engin viðbrögð. Engin viðbrögð.

Á síðustu vikum hafa amerískir embættismenn sett fram hugmyndir um að taka upp friðarviðræður á ný. Það var ýmislegt í þeim hugmyndum varðandi landamæri sem mér líkaði ekki við. Það var eitthvað þar um gyðinglega ríkið sem ég er viss um að palestínunönnum líkaði ekki við.

En þrátt fyrir alla mína fyrirvara var ég tilbúinn til að ganga fram í þessum amerísku hugmyndum.

Abbas, forseti, hvers vegna slæst þú ekki í hóp með mér? Við verðum að hætta samningaumræðum um samningaumræðurnar. Reynum heldur að semja um frið.

Árum saman varði ég Ísrael á orrustuvellinum. Ég varði áratugum í að verja Ísrael fyrir rétti almenningsálits. Abbas, forseti, þú hefur helgað líf þitt málefnum Palestínumanna. Verður þessi barátta að halda áfram allar kynslóðir eða getum við gert börnum okkar og barnabörnum kleift að tala um það hvernig við gátum leyst þessi mál? Það er það sem við ættum að stefna að og það er það sem ég trúi að við getum gert.

Á tveimur og hálfu ári höfum við aðeins hist einu sinni í Jerúsalem, jafnvel þótt mínar dyr hafi alltaf verið þér opnar. Ef þú vilt, skal ég koma til Ramallah. Reyndar hef ég betri uppástungu. Við höfum báðir komið langa leið til New York. Nú erum við í sömu borg. Við erum í sömu byggingu. Við skulum hittast hér í dag hjá Sameinuðu þjóðunum. Hver er hér til að stöðva okkur? Hvað getur stöðvað okkur? Ef við raunverulega viljum frið, hvað hindar okkur þá í því að hittast í dag og hefja friðarviðræður?

Og ég mæli með því að við tölum einlæglega og opinskátt. Hlustum hvor á annan. Gerum eins og við segjum í Miðasturlöndum: Tölum blátt áfram. Ég segi þér hverjar mínar þarfir og áhyggjur eru og þú segir mér þínar. Með hjálp Guðs finnum við svo sameiginlegan flöt til friðar.

Það er forn arabískur málsháttur sem segir að það sé ekki hægt að klappa með einni hendi. Það sama á við um frið. Ég get ekki stuðlað að friði einn. Ég get ekki stuðlað að friði án þín. Abbas, forseti, ég rétti fram hönd mína, hönd Ísraels, í friði. Ég vona að þú takir í þá hönd. Við erum báðir synir Abrahams. Fólkið mitt kallar hann Avraham. Þitt fólk kallar hann Ibrahim. Við eigum sama ættföður. Við dveljum í sama landi. Hlutskipti okkar fléttast saman. Við skulum átta okkur á sýn Jesaja. (Fer með Jesaja 9.2a á hebresku.) – „Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós.“ Megi það ljós vera ljós friðar.